

Mánudaginn 10. aprilmánaðar.

Nr. 39/1898:

Benedikt S. Þórarinnsson

gegn

Sturlu Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði stefndi Sturla kaupmaður Jónsson fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Benedikt S. Þórarinnssyni út af verzlunarskuld að upphæð 16 kr. 32 aur., og var það dæmt í héraði 18. ágúst f. á. þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda kr. 16,32 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 8 kr. í málskostnað. Nokkur ummæli í varnarskjali áfrýjanda voru dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir Benedikt S. Þórarinnsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 24. ágúst f. á. og krafist:

1. Að hann sé algjörlega sýknaður af sérhverri skuldakröfu stefnda í þessu máli;

2. Að ummæli hans fyrir undirrétti, að áfrýjandi hafi »svikist um« að greiða 15 kr., verði dæmd dauð og marklaus, og stefndi sektaður fyrir.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum (áfrýjanda) hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum.

Hins vegar hefir stefndi krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda fyrir yfirdómi og að á-

frýjandi verði dæmdur í málskostnað — minst 40 kr., eða aðra upphæð hæfilega að réttarins mati.

Af hinum einstöku póstum í hinum framlagða reikningi stefnda neitar áfrýjandi að borga 2 pósta, sem sé 15 kr. til Páls Sigurðssonar og 1 kr. 32 a. fyrir 2 rúður, með því að hann skuldi þá ekki. En að því umgetnar 15 krónur snertir, þá hefir stefndi lagt fram skjal, undirskrifað af áfrýjanda, þar sem áfrýjandi mælist til, að stefndi láti Pál Sigurðsson fá út á 15 kr. í vörum með peningaverði, og skuli hann sjá um, að skuldin verði greidd fyrir 15. apríl (1898) í peningum. Að vísu neitar áfrýjandi því ekki, að hann hafi ritað þetta skjal, en heldur því fram, að ekki beri að skoða það öðruvísi en í hæsta lagi sem loford um, að hann skyldi ábyrgjast nefnda upphæð, og að stefndi hafi engan aðgang haft að sér einkum vegna þess, að hann hafi ekki í tíma gjört sér ádvart um, að Páll ekki hafi borgað. En þetta á ekki við rök að styðjast; skjalið er ótvíræð beiðni áfrýjanda um, að stefndi láni Páli oftnefndar 15 kr. og jafnframt inniheldur það skýlaust loford áfrýjanda um, að skuld þessi skuli verða borguð fyrir vissan dag. Úr því að Páll eigi greiddi skuldina á gjalddaga, gat stefndi eftir skjalinu heimtað hana af áfrýjanda. Áfrýjanda ber því að greiða stefnda þessar 15 kr.

En að því snertir andvirði 2 rúða, 1 kr. 32 a., þá er neitun áfrýjanda um að hafa fengið þær eða beið um þær svo eindregin og skýlaus, að

ekki virðist hægt að dæma áfrýjanda til að borga þessa 1 kr. 32.

Samkvæmt áðursögðu ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 15 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Um ómerking nokkurra orða áfrýjanda um stefnda á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, svo og um málskostnað. —

Krafa áfrýjanda um ómerking á orðunum »svikist um« í sóknarskjali stefnda fyrir bæjarþinginu verður eigi tekin til greina, með því að hennar er eigi getið í áfrýjunarstefnunni.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem skal ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjanda Benedikt S. Þórarinssyni ber að greiða stefnda Sturlu kaupmanni Jónssyni 15 krónur með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Svo ber áfrýjanda og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.